

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað vegna stöðu verkefnis Gott að eldast.

Dags: 11. apríl 2024

Málsnúmer: 202306162/10.4

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Forsaga:

Í kjölfar umsóknar velferðarsviðs um þátttöku í verkefninu Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum, sem liður í verkefni félagsmálaráðuneytisins Gott að eldast, sem heimiluð var á 1587. fundi bæjarráðs 20. júlí 2023 er hér lögð fyrir kynning á stöðu verkefnisins.

Greinargerð:

Þann 14. september 2023 var sótt um að Mosfellsbær tæki þátt í tilraunaverkefninu Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum sem er einn liður í aðgerðaáætlun Gott að eldast og þann 6. október barst sveitarfélaginu tilkynning um að svæði Mosfellsbæjar, Kjósar og Kjalarness hefði verið valið til þátttöku.

Verkefnið er samvinnuverkefni Mosfellsbæjar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, undir stjórn félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Um er að ræða veitingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar til notenda á svæðinu undir sameiginlegum framkvæmdaraðila sem er Eir hjúkrunarheimili. Eir veitir nú þegar samþætta þjónustu til íbúa Eirhamra og hefur því bæði starfsfólk heimaþjónustu sem og heimahjúkrunar á sínum snærum.

Þann 22. desember 2023 undirrituðu fulltrúar félagsmálaráðuneytis og Mosfellsbæjar samkomulag um að ráðuneytið greiði styrk til Mosfellsbæjar vegna ráðningar tengiráðgjafa í 12 mánuði sem liður í verkefninu. Hlutverk ráðgjafans er að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun í sveitarfélaginu, sem og að byggja upp tengingar við mismunandi þjónustustofnanir vegna þeirra einstaklinga. Ráðgjafinn er enn fremur brú á milli Mosfellsbæjar og Eirar og mun sinna meðal annars mati á umsóknum um þjónustu í samvinnu við Eir og Heilsugæsluna.

Gengið var frá ráðningu tengiráðgjafa í upphafi þessa árs og kom viðkomandi til starfa 27. mars sl. Helstu hlutverk ráðgjafa hafa verið að byggja upp tengsl við aldraða íbúa sveitarfélagsins, setja sig í samband við stofnanir og félagasamtök, vinna að styrkingu dagdvalar Mosfellsbæjar ásamt því að byggja upp sterka tengingu við Eir. Tengiráðgjafinn vinnur mjög náið með öldrunarráðgjafa velferðarsviðs.

Undirbúningsvinna hefur verið í gangi vegna upphafs verkefnisins og eru nú í vinnslu drög að samningum vegna þess. Um er að ræða samkomulag milli Mosfellsbæjar, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Eirar um tilraunaverkefnið, samningur milli Mosfellsbæjar og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um veitingu heimaþjónustu fyrir íbúa Kjalarness sem og drög að nýjum þjónustusamningi um heimaþjónustu milli Mosfellsbæjar og Eirar, en fyrri samningur aðilanna var undirritaður 23. október 2006, sjá fylgiskjal 2, og þarfnast töluverðrar uppfærslu.

Inni í verkefninu er gert ráð fyrir að tölulegar upplýsingar liggi fyrir, svo sem um fjölda einstaklinga, en einnig um gæði þjónustunnar. Gert hafði verið ráð fyrir því að þjónustukönnun í málaflokki eldri

borgara myndi fara fram á síðasta ári en vegna tafa við framkvæmd og undirbúning þeirrar könnunar var hún framkvæmd í mars og apríl á þessu ári. Könnunin snýr meðal annars að ánægju með heimaþjónustu og gefur upplýsingar sem nýtast við stöðumat á tilraunaverkefninu. Niðurstöður þeirrar könnunar munu liggja fyrir innan skamms.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir*

Fylgiskjal:

1. Tillaga vegna tilraunaverkefnisins til bæjarráðs, dags. 12. júlí 2023.
2. Þjónustusamningur milli Eirar og Mosfellsbæjar um heimaþjónustu, dags. 23.10.2006.